

Malbikunarstöð Akureyrarbæjar  
Miðhúsavegi  
600 Akureyri

Umhverfisstofnun
Áb. _____
11. des. 2012
8.8.2
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. desember 2012  
Tilvísun: UST20111100142/edk

## Úrbætur vegna fjögurra frávíka staðfestar og aukinn frestur veittur vegna tveggja frávíka

Umhverfisstofnun vísar í bréf með eftirlitsskýrslu, dagsett 8. nóvember 2011, þar sem fjallað er um sex frávik sem komu fram við eftirlit 14. september 2011. Þann 8. desember 2011 barst Umhverfisstofnun áætlun frá rekstraraðila um úrbætur vegna þessara sex frávíka og var áætlunin samþykkt af stofnuninni sama dag. Við reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar árið 2012 var staðfest að úrbótum vegna fjögurra frávíka er nú lokið en enn á eftir að bæta úr tveimur frávikum.

### Þau fjögur frávik sem búið er að bæta úr eru eftirfarandi:

- Krafa í starfsleyfi, grein 2.1, er um mengunarmörk frá útblæstri. Malbikunarstöðin var ekki að ná tilskildum árangri í hreinsun útblásturs þegar eftirlit fór fram árið 2011, en innihald ryks í útblæstri var þá yfir leyfilegum mörkum skv. nýjustu mælingum. Við reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar árið 2012 var staðfest að ryk mælist nú innan þeirra mengunarmarka sem tilgreind eru í starfsleyfi.
- Krafa í starfsleyfi, grein 2.4, er um að til staðar sé viðbragðsáætlun til þess að hefta rykmengun við óhagstæð veðurskilyrði. Viðbragðsáætlun til að hefta rykmengun er nú til staðar og hefur verið send Umhverfisstofnun.
- Krafa í starfsleyfi, grein 2.7, er um að allt frárennsli sem geti verið mengað af olúefnum sé leitt í olúskilju. Olúskilja er nú til staðar.
- Krafa í starfsleyfi, grein 4.2, er um að malbikunarstöðin setji sér umhverfismarkmið og starfi samkvæmt þeim. Malbikunarstöðin hefur nú sett sér umhverfismarkmið og sent Umhverfisstofnun afrit af þeim.

### Þau frávik sem rekstraraðili á eftir að bæta úr eru eftirfarandi:


- Krafa í starfsleyfi, grein 2.6, er um að geymar og lagnir skuli uppfylla ákvæði sem sett eru um geymslu olú á landi. Botnþykktarmæla þarf geyma stöðvarinnar. Skv. áætlun rekstraraðila sem barst Umhverfisstofnun 8. desember 2011 var gert ráð fyrir að botnþykktarmæla asfalttank stöðvarinnar haustið 2012. Þessi mæling hefur ekki enn farið fram.
- Krafa í starfsleyfi, grein 3.3, er um að til staðar sé viðbragðsáætlun til þess að taka á hugsanlegum hættum vegna bráðamengunar. Úrbótaáætlun rekstraraðila gerði ráð fyrir að búið væri að bæta úr þessu frávíki eigi síðar en í lok febrúar 2012. Umhverfisstofnun hefur ekki borist viðbragðsáætlun frá rekstraraðila.


Þann 10. desember 2012 barst ný áætlun frá rekstraraðila um úrbætur á þeim tveimur frávikum sem standa eftir úr eftirliti síðasta árs. Áætlunin hljóðar upp á að úrbótum ljúki á tímabilinu janúar til mars 2013. Umhverfisstofnun samþykkir þessa áætlun og veitir rekstraraðila frest til 27. mars 2013 til að senda stofnuninni staðfestingu á að úrbótum vegna beggja frávíka sé lokið.

Vakin skal athygli rekstraraðila á því að Umhverfisstofnun hefur heimildir samkvæmt VIII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 48. gr., til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt fyrirmælum stofnunarinnar svo sem fram kemur í starfsleyfi.

Staðfestingu á úrbótum skal senda til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, eða á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)

Virðingarfyllt

  
Sigrún Agúsdóttir  
sviðsstjóri

  
Gunnlaug Einarsdóttir  
sviðsstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra